

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

328. fundur

Föstudaginn 25. september 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn sem var fjarfundur hófst kl. 11:00.

Mætt voru

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI), öll á fjarfundi.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri gæða- og mannauðssviðs.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021-2025.
2. Gjaldskrá 2021.
3. Skýrsla innri endurskoðunar.
4. Leiðakerfið.
5. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.
 - a. Dómssátt.
 - b. Útboð á leigubílaakstri.
6. Önnur mál:
 - a. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi farþegatalningar o.fl.
 - b. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi gæðaeftirlit.
 - c. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi lausagang strætisvagna.

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021 – 2025

Áframhaldandi umfjöllun um forsendur fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. 2021-2025. Útkomuspá fyrir árið 2020 hefur ekki breyst frá síðasta fundi og töluverð óvissa er um hvernig mál munu þróast í tengslum við heimsfaraldur Covid 19 á næsta ári.

Á eigendafundi Strætó bs. 7. september 2020 var, í kjölfar umfjöllunar um forsendur fjárhags- og starfsáætlunar byggðasamlagsins, stjórn falið að kanna nánar möguleika varðandi útivistun og græna fjármögnun.

Framkvæmdastjóri lagði fram og fór yfir tillögur varðandi sparnað í akstri á tilteknum leiðum í leiðanetinu, útivistun á akstri og hvaða möguleikar eru í boði varðandi græna fjármögnun hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna áfram að innleiðingu sparnaðar í leiðaneti í samræmi við umræður á fundinum.

Næsti eigendafundur hefur verið boðaður mánudaginn 28. september nk. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að senda tillögur stjórnar til eigenda fyrir fundinn varðandi fjármögnun á áætlaðri neikvæðri rekstrarniðurstöðu ársins 2020 og rekstrarframlag eigenda á árinu 2020.

2. Gjaldskrá 2021

Fyrir fundinum lá tillaga varðandi breytingar á gjaldskrá Strætó vegna rekstrarársins 2021. Í samræmi við fyrirbyggjandi forsendur fjárhags- og starfsáætlunar byggðasamlagsins samþykkir stjórn að gjaldskráin skuli þann 1. janúar 2021 að meðaltali hækka um 2,5%.

3. Skýrsla innri endurskoðunar

Sif Einarasdóttir frá Deloitte, innri endurskoðandi Strætó bs., kynnti niðurstöður athugunar innri endurskoðunar á starfsemi byggðasamlagsins og fór yfir ábendingar sem settar eru fram í skýrslu innri endurskoðanda.

Stjórn beinir því til framkvæmdastjóra að vinna úr ábendingum innri endurskoðunar eins fljótt og fjármagn og tími leyfir.

4. Leiðakerfið

Áframhaldandi umræða um hugmyndir að breytingum tiltekinna leiða í leiðakerfi Strætó á árinu 2021 í ljósi versnandi rekstrarumhverfis vegna Covid 19 faraldursins.

5. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk

- a) Dómssátt: Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi dómssátt í málum E-826/2019 og E-827/2019
- b) Útboð á leigubílaakstri: Í tengslum við nýtt fyrirkomulag á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk þarf að bjóða út leigubílaakstur sem ætlað er að sinna tilfallandi ferðum. Fyrir fundinum lágu drög að útboðsgögnum. Gögnin eru í lokarýni hjá lögmanni Strætó bs. og hjá Borgarlögmanni. Að lokinni yfirferð lögmannanna verður málið lagt fyrir stjórn til afgreiðslu.

6. Önnur mál

- a. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi farþegatalningar o.fl..
- b. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi gæðaeftirlit.
- c. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi lausagang strætisvagna.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara ofangreindum fyrirspurnum í samráði við stjórnarformann.

Fundi slitið kl. 13:00.

Fylgiskjöl:

- Gjaldskrá 2021.
- Skýrsla innri endurskoðunar.

Hjálmar Sveinsson

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson